

# Umsókn um lækningaleyfi

**Sækið endilega um lækningaleyfi strax að loknu kandídatsári  
eða í góðum tíma áður en þið hefjið aftur störf sem læknar.  
Athugið að það getur tekið hálfan mánuð að fá lækningaleyfið afgreitt.**

Það sem þið þurfið að gera er eftirfarandi:

1. Sækið og fyllið út umsóknareyðublað á heimasíðu Landlæknisembættisins. Farið inn á [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is) og smellið á “Starfsleyfi heilbrigðisstétta” (undir fyrirsögninni „Heilbrigðisstarfsfólk“) → veljið “Læknar” (úr lista á miðri síðu) → “Umsókn um almennt lækningaleyfi” (efst hægra megin á síðu).
2. Finnið fram frumrit af prófskírteini (líka forsíðuna sem Magnús Karl Magnússon hefur skrifað undir) eða sækið um staðfest afrit af prófskírteini, sem inniheldur kennitölu og nafn. Hringið þá í aðalskiptiborð Háskóla Íslands (525 4000) og biðjið um nemendaskráningu.  
Þau sem lærðu erlendis skili frumriti af prófskírteini eða staðfestu afriti.
3. Sækið skjal frá menntadeild Landspítala sem staðfestir að 12 mánaða kandídatsári sé lokið. Skjalið er afhent eftir kl. 14.00 síðasta virkan dag í mánuði eða síðasta dag kandídatsárs.  
Ef þið hafið tekið hluta af árinu annars staðar, s.s. á Akureyri eða Akranesi, og viljið fá allt kandídatsárið staðfest í einu vottorði, þá þarf að fá senda staðfestingu þaðan um að tiltekinn fjöldi mánaða sé metinn sem hluti af kandídatsári á tilteknu sviði (lyf eða skurð). Þetta þarf að berast í tölvupósti í góðum tíma til Sigrúnar Ingimarsdóttur, menntadeild LSH. Ef ekki, þá er hluti ársins staðfestur af Landspítala og kandídatar útvega sér sjálfir staðfestingu á því sem upp á vantar. Heilsugæsluhlutinn er talinn með sem hluti af vottorðinu, nema einungis sé um stutt tímabil á Landspítala að ræða.
  - *Staðfestingarskjal er ekki afhent nema búíð sé að skila farsíma.*
  - *Vinsamlega munið að skila lykli að E7 til Gerðar Helgadóttur, skrifstofustjóra á lyf.*
  - *Staðfestingarskjal verður ekki veitt nema búíð sé að skila gátlita varðandi viðurkenningu á lokum kandídatsársins.*
4. Farið með pappírana til Landlæknisembættisins og biðjið um kvittun. Gerið það helst strax. Athugið að starfsaldur reiknast aðeins frá og með fyrsta degi mánaðar eftir að umsókn um lækningaleyfi er móttokin hjá Embætti landlæknis, jafnvel þó nýtt starf hefjist strax. Sem sagt, ef skilað er fyrsta dag mánaðar, telur starfsaldur frá og með fyrsta degi næsta mánaðar.
5. Farið með eða sendið kvittunina eins fljótt og hægt er til launadeildar viðkomandi vinnustaðar.
6. Skilið lækningaleyfi eins fljótt og hægt er til launadeildar viðkomandi vinnustaðar.

## Menntadeild Landspítala

Sigrún Ingimarsdóttir, verkefnastjóri  
Ármúla 1a, 2. hæð, 108 Reykjavík  
Netfang: [sigruni@landspitali.is](mailto:sigruni@landspitali.is), sími: 543-1475

## Háskóli Íslands

Nemendaskrá  
Sími: 525-4000  
101 Reykjavík

Menntadeild LSH/SI/júní 2016

## Embætti landlæknis

Lisa Kjartansdóttir  
Barónsstíg 47, 101 Reykjavík  
Sími: 510-1900

## Launadeild Landspítala

Viðkomandi launafulltrúi  
Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík  
Sími: 543-1300